



Skýrsla um innra mat

júní 2024
Hríseyjarskóli
Akureyrarbær

Inngangur	3
Ytra mat	4
Niðurstöður mats	5
Stjórnun, fagleg forysta og foreldrasamstarf	5
Nám og kennsla, uppeldis- og menntastarf og leikskólabragur	8
Innra mat	10
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	11
Umbótaáætlun skólaársins 2023 - 2024	13

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2023-2024. Helsta verkefni gæðaráðs í vetur var að vinna að umbótum og meta innra matið sjálft á bæði leik- og grunnskólastigi. Var þetta fyrsta skólaárið sem full samvinna um mat var unnin á leik- og grunnskólastigi og gafst það vel og reyndist mikill tímasparnaður.

Niðurstöður skólans eru lagðar fram í þremur meginþáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta í leik- og grunnskóla auk foreldrasamstarfs á leikskólastigi.
2. Uppeldis- og menntastarf og leikskólabragur á leikskólastigi og nám og kennsla á grunnskólastigi.
3. Innra mat í leik- og grunnskóla.

Unnið var eftir árs- og langtímaáætlun skólans. Í vetur máttum við innra matið sjálft á leik- og grunnskólastigi og unnum að umbótum samkvæmt umbótaáætlun. Hér fyrir neðan verða birtar helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans veturinn 2022 - 2023. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun.

Gæðaráð Hríseyjarskóla heldur utan um innra mat á skólastarfinu og gerð umbótaáætlana. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Markmið matsins er að veita upplýsingar um skólastarfið og hvernig það þróast. Markmið matsins er einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við lög og að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum.

Innra mats teymi Hríseyjarskóla: Hrund Teitsdóttir, Theodóra Kristjánsdóttir og Þórunn Arnórsdóttir.

Nýja innra mats skýrslu Hríseyjarskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Hríseyjarskóla-grunnskólastigi í september 2019. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd. Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk vann eftir. Umbætur er [nú lokið](#) en með áframhaldandi vinnu gæðaráðs tryggjum við stöðugar umbætur framvegis. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið skólans er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Menntamálastofnun óskaði eftir [framvinduskýrslu](#) um stöðu úrbótaáætlunar í janúar 2023 og var því svarað á tilskyldum tíma. Menntamálastofnun óskaði aftur eftir framvinduskýrslu í febrúar 2024 og í kjölfarið var úttektinni formlega lokið og sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs hefur staðfest það.

Ytra mat 2019

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Ekki er til ytra mat á leikskólastigi Hríseyjarskóla

Niðurstöður mats

Stjórnun, fagleg forysta og foreldrasamstarf

1. Viðmið Hríseyjarskóla
 - a. Skólaárið 2023 - 2024 vann gæðaráð skólans að umbótum vegna stjórnunar og faglegrar forystu á bæði leik- og grunnskólastigi.
 - b. Markmið skólans - Að a.m.k. 90% þeirra þátta sem metnir eru séu grænir, flestir eða allir þættir sterkir. Að skólinn sé fagleg stofnun og stjórnun skilvirk og uppbyggjandi.
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið voru rafrænar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir, niðurstöður úr foreldraviðtölum á bæði leik- og grunnskóla, niðurstöður skólaþings og fundargerðir.
3. Niðurstöður:
 - a. **Foreldrakönnun um skólabyrjun:** Í september sendum við út rafræna foreldrakönnun þar sem spurt var um hvernig foreldrum myndist skólaárið fara í gang á báðum skólastigum. Við spurðum um nýafstaðna skólaleika, heilsuvikuna, námsefniskynninguna, fyrsta þema vetrarins og almennt út í líðan nemenda í upphafi skólaársins. Alls fengum við 71% svörun og niðurstöður voru mjög jákvæðar, foreldrum fannst skólabyrjun fara vel af stað og að nemendum liði vel. Foreldrar voru ánægðir með námsefniskynninguna, fannst hún vera gagnleg og metnaðarfull, skemmtileg og fróðleg. Foreldrar töldu heilsuvikuna þarfa og umræða skilaði sér inn á flest heimili. Athugasemd kom fram í svörum að betur mætti huga að mótuneytinu allt árið um kring, taka sér matseðil heilsuviku til fyrirmyndar í öðrum mánuðum. Að lokum gafst foreldrum færi á að koma einhverju á framfæri. Þar kom fram að foreldrar voru ánægðir með fyrsta þemað og fram kom í könnun að starfsfólk á hrós skilið fyrir að hafa velferð og heilsu barna í Hríseyjarskóla að leiðarljósi í sínum störfum.
 - b. **Skólanámskrá:** Í haust var birt sameiginleg skólanámskrá fyrir leik- og grunnskóla og einnig sameiginleg starfsáætlun.
 - c. **Áherslur í skólastarfi:** Unnið var markvisst með þær stefnur sem skólinn leggur áherslu á í sínu starfi. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandi skóli, leggur mikla áherslu á læsi og vinnur að innleiðingu á Uppbyggingarstefnunni. Vinna við innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar hefur farið rólega af stað og verður sett í umbótaáætlun næsta árs. Þetta skólaár voru haldnir færri fundir í nefndum og ráðum og það gafst vel. Nemendur höfðu sem áður kost á að sitja í ráðum og nefndum en að þessu sinni var val um að bjóða sig fram í eina nefnd. Starfsfólk, foreldrar og fulltrúar nærsamfélagsins gátu einnig gefið kost á sér.

Stjórnun og fagleg forysta (grsk.)	Stjórnun (leiksk.)	Foreldrasamstarf (leiksk.)
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun
Faglegt samstarf og samræða	Stjórnun og daglegur rekstur	Viðhorf foreldra
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Faglegt samstarf	
Umbætur og innleiðingar breytinga	Leikskólaþróun og símenntun	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	
Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting		
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna		

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

4. Helstu umbætur næsta skólaárs á snúa að faglegu samstarfi og samræðu:

- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer reglulega fram meðal starfsmanna samkvæmt uppfærðri fundaáætlun.
- Skólastjóri heldur áfram að fylgjast reglulega með kennslu og veita uppbyggilega ráðgjöf.
- Jafningjamat á kennslu og áframhaldandi teymisvinna í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
- Skólastjóri hvetur kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðferða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.
- Allir starfsmenn fá fræðslu í upphafi skólaárs um viðbragðsáætlun og verklag Akureyrarbæjar vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun.
- Starfsfólk fær þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum við að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun og er samstíga í verklagi. Áframhaldandi innleiðing uppbyggingarstefnunnar.

Nám og kennsla, uppeldis- og menntastarf og leikskólabragur

1. Viðmið Hríseyjarskóla
 - a. Skólaárið 2023 - 2024 vann gæðaráð skólans áfram að umbótum varðandi nám og kennslu á grunnskólastigi. Stærstu verkefni voru samskiptaverkefni undir stjórn MSHA á leik- og grunnskólastigi og gerð námsmatsáætlunar á grunnskólastigi.
 - b. Samkvæmt langtímaáætlun gæðaráðs fer fram árlega mat á námi og velferð nemenda sem og gæði kennslu og menntunar.
 - c. Markmið skólans - Að amk 90% þeirra þátta sem metnir eru séu grænir, flestir eða allir þættir sterkir. Að skólinn sé fagleg stofnun og stjórnun skilvirk og uppbyggjandi.
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið voru rafrænar foreldrakannanir, rafrænar nemendakannanir, niðurstöður úr foreldraviðtölum á bæði leik- og grunnskóla, niðurstöður skólaþings, fundargerðir og niðurstöður matslista á báðum skólastigum og umræðuhópar nemenda á báðum skólastigum.
3. Niðurstaða:
 - a. **Mat á námi og velferð nemenda** fór fram í gegnum rafrænar nemendakannanir, viðtöl, umræður og nemendastýrð viðtöl á grunnskólastigi og samræðum á leikskólastigi. Í mars mátu nemendur á mið- og unglingsstigi sína vinnu, félagslega stöðu, kennsluna og samskipti auk þess sem kostur gafst á að tjá sig í opnum svörum.
Um 90% svara játandi eða upplifa að alltaf eða oftast:
 - að þau þekki lykilhæfni og hæfniviðmið og viti hvert markmiðið í náminu sé hverju sinni.
 - vita hvar þau eru stödd í náminu og hvert þau ætla stefna og finnst að foreldrar fái að vera með í því sem þau fást við í skólanum.
 - finnst þau sjálf bera ábyrgð á eigin námi og læra eitthvað nýtt í gegnum verkefni sem þau vinna að.
 - finnst námið vera fjölbreytt, læra að setja sér markmið og hafa áhuga á náminu.
 - telja að líklegt að þau sem þau læri í skólanum gagnist þeim í framtíðinni.

Þættir sem fóru í nánari skoðun sneru annars vegar að samskiptum og virðingu innan nemendahópsins og hins vegar að kennurum. Svörin sýndu skiptar skoðanir og ósamræmi koma fram í svörum en það að 55,6% upplifi að ekki sé spurt hvað þeim finnst og 44,4% telji sig ekki fá tækifæri til þess að segja sitt á bekkjarfundum og upplifi að kennarar hlusti ekki á þau var sláandi og ekki í samræmi við það sem fram hafði komið í viðtölum.

- b. **Mat á kennslu:** Samkvæmt starfsáætlun mat skólastjóri kennslustundir í grunnskólanum og átti samtál við starfsmenn eftir matið sem leiddi til breytinga á tilhögun kennslu. Ekki vannst tími til þess að meta leikskólann eða fara í jafningjamat og verður þátturinn því áfram í umbótaáætlun.

c. **Umbætur:** Á dagskrá þessa skólaárs var að vinna áfram eftir umbótaáætlun í námi og kennslu á grunnskólastigi. Áætlun var að vinna allt í gegnum Mentor og hafa allar námsáætlanir aðgengilegar strax í upphafi skólaárs. Þar sem ekki gekk að ráða kennara um sumarið reyndist haustið okkur snúnara en oft áður, á skólasetningu var ekki búið að ganga frá ráðningu leiðbeinanda. Notkun Mentor jókst þó í samanburði við fyrri ár og notkun jókst eftir því sem leið á skólaárið. Einnig var unnið að nýrri námsmatsstefnu undir leiðsögn ráðgjafa frá Ásgarði og lýkur þeirri vinnu nú í júní.

Á umbótaáætlun þessa skólaárs var að vinna að bættum samskiptum á mið- og unglingastigi en vegna fámennis eru þau ein bekkjardeild þrátt fyrir aldurs- og þroskamun. Haft var samband við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) og þau beðin um að stýra vinnu að bættum samskiptum innan nemendahópsins en virkja jafnframt foreldra og starfsmenn skólans og félagsmiðstöðvar til þess að ná sem bestum árangri. Úr varð að umsjónarkennarar leiddu Krakka- og félagsþjall og stýrðu heimasþjalli. Starfsmaður MSHA sem leiddi verkefnið kom til Hríseyjar og hélt fund með nemendum annars vegar og starfsfólki hins vegar á skólatíma og síðar um daginn var kynningarfundur með foreldrum. Tekin var örstutt könnun í upphafi verkefnisins meðal nemenda til þess að hafa til samanburð að vori. Verkefnið sneri að samskiptum og var sú færni þjálfuð í gegnum leiki, myndbönd og spjall og voru nemendur í tveimur hópum: skólahópur og nemendur í 1. - 4. bekk voru saman og nemendur í 6. - 10. bekk voru saman. Reynt var eftir bestu getu að halda tímana þegar full mæting var í hópnum. Starfsmaður MSHA sem leiddi vinnuna sendi bréf á foreldra um miðja önnina og hvatti þau áfram og minnti á mikilvægi verkefnisins og annað bréf í júní þar sem þakkað var samstarfið og minnt á að verkefnið er langhlaup því við erum í raun að breyta menningu og það tekur tíma og er vissulega áskorun. Kennarar gerðu upp verkefnið með nemendum í lok maí og þar kom fram ánægja með verkefnið og margir töldu sig hafa lært eitt og annað á vegferðinni sem nýst gæti í framhaldinu. Stefnt er að framhaldi á næsta skólaári.

Nám og kennsla (grsk.) -	Uppeldis- og menntastarf (leiksk.)	Leikskólabragur (leiksk.)
Inntak og námskrá	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning
Árangur náms	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna
Gæði kennslu	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara
Skipulag náms	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks
Námssvitund	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja
Ábyrgð og þátttaka	Mat á námi og velferð barna	

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fullilega lýsingu um gæðastarf.

4. Helstu umbætur næsta skólaárs

- a. Vinna eftir nýju námsmatsstefnunni og gæta þess að hafa skráningarkerfi yfir námsárangur sýnilegan nemendum og foreldrum.
- b. Vinna áfram að bættum samskiptum og þar með vellíðan nemenda.
- c.

Innra mat

1. Viðmið Hríseyjarskóla

- a. Innra mat leik- og grunnskólastig var metið skólaárið 2023-2024.

2. Gögn sem nýtt voru til að staðsetja skólann í innra mati eru gátlistar gæðaviðmiða sem eru í lið 1. sem og rýni matsteymis.

3. Niðurstaða

- a. **Innra mat:** Gæðaráð kynnti sér og fyllti út matslista um innra matið sjálft og niðurstöður sýnu að skipulag kom best út en ákveðið var að kanna nánar gagnaöflun vegna misræmis svara í rafrænum spurningakönnunum nemenda, hafa þessir spurningalistar verið notaðir í nokkur ár og kominn tími á endurskoðun. Eins fer í umbætur að skólastjóri fylgist með kenningu með reglubundnum hætti en von er til þess að það náist á næsta ári þegar skólastjóri hefur ekki lengur umsjónarbekk á sínum herðum.
- b. **Séráhersla skólans og uppbrotisdagar:** Í rafrænni foreldrakönnun sem send var út í maí kom í ljós að foreldrar telja sig þekkja vel bæði séráherslur skólans og uppbrotisdagana. Töldu foreldrar rétt að skólinn haldi sig við þær séráherslur sem nú eru og að ekki sé þörf á að bæta við fleirum heldur halda áfram að sinna þeim vel sem nú þegar eru. Fram kom að foreldrum finnst uppbrotisdagar nauðsynlegur hluti af skólastarfinu og að ekki sé þörf á breytingum.
- c. **Foreldrakönnun:** Í maí var send út rafræn foreldrakönnun en þrátt fyrir ítrekanir var þátttakan einungis 64% í almennum hluta og 30% í sérhluta um leikskólann. Ákvað gæðaráð að senda út eina ítrekun enn í júní en ekki fengust þó fleiri svör, niðurstöður úr almenna hlutanum verða birtar hér en þar sem einungis 2 foreldrar svöruðu leikskóla hlutanum verða þær niðurstöður ekki birtar. Jákvæðustu niðurstöðurnar voru að allir svarendur eru ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum og telja sig þekkja hlutverk skólaráðs. Þá svara yfir 90% að þeir þekki störf gæðaráðs, upplifa að stöðugt sé unnið að þróun, nýbreytni og umbótum í skólastarfinu með hag barna að leiðarljósi. Telji að jafnrétti og mannréttindi séu til fyrirmyndar í skólastarfinu. Að litið sé á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila við

skipulag og mótun skólstarfsins. Upplifa traust í samskiptum við skólann, og upplifa einnig að leitað sé til foreldra með hvað sé barninu fyrir bestu. Og að þeir fái tækifæri til að taka þátt í skólstarfinu og hjálpa til. 78% foreldra þekkja ný einkunnarorð skólans og 90% telja að unnið sé eftir þeim.

Opin svör - hvað finnst þér gott hvað mætti gera meira af í skólanum. Fleiri útiþróttir og fleiri tilraunir í eðlis- og efnafræði, tónlistartímar, skipulag, utanumhald og viðburðir er gott, vel hlúð að börnunum okkar, margt gott og mikill metnaður til að gera vel, allt sem bætir skólabraginn og hjálpar til að mynda góðan skólabrag, lestrarátak mjög flott, mætti gera stærðfræðiátak, uppbrotið mjög skemmtilegt, hugmyndir að samþættingu um að stækka/minnka uppskriftir í heimilisfræði og stærðfræði.

Opin svör - hvað finnst þér helst ábótavant í skólstarfinu. Aga fyrir nemendur, endurskoða matseðla í mótuneytinu og að gæta þess ávallt að mismuna ekki börnum út frá tengslum eða skyldleika.

Opin svör - annað sem þú vilt taka fram um skólstarfið. Áhyggjur af framkomu nemenda, Ánægja með þann fjölpóst sem skólinn hefur dreift í öll hús t.d. á degi gegn einelti og í heilsuvikum. Skoða matseðlana. Haldið áfram ykkar frábæra starfi...

5. Helstu umbætur næsta skólaárs:

- a. Yfirfara spurningalista sem notaðir eru til þess að meta skólstarfið.
- b. Finna leiðir til þess að virkja foreldra, m.a. fá eitt foreldri inn í gæðaráðið aftur.
- c. Fylgja eftir innleiðingu nýrra verkefna með markvissari hætti.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun, framkvæmd og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Leikskólastig				Grunnskólastig			Leik- og grunnsk.
Stjórnun	Leikskólabragur	Uppeldis- og menntastarf	Foreldrasamstarf	Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Viðmót og menning	Skipulag náms og námsaðstæður	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Skipulag náms	Skipulag
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Velferð og líðan barna	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðhorf foreldra	Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Námsvitund	Framkvæmd
Stjórnun og daglegur rekstur	Hlutverk leikskólakennara	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Faglegt samstarf	Starfsánægja	Mat á námi og velferð barna		Umbætur og innleiðingar breytinga		Inntak og námskrá	
Leikskólaþróun og símenntun	Fagmennska starfsfólks	Námssvið leikskólans				Árangur náms	
		Leikskóli án aðgreiningar				Gæði kennslu	

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að flestir þættir leik- og grunnskóla sem teknir voru fyrir í vetur eru sterkir eða á góðri leið. Farið verður í umbætur á því sem upp á vantar næsta vetur en í stuttu máli þá snúast **umbæturnar** um að halda áfram að vinna að **skipulagi og verklagi** með formlegri hætti, en það vill gleymast í fámenni þar sem allir þekkjast vel og kennarar hafa góða yfirsýn yfir nám nemenda. Við lok skólaársins 2025 er stefnt á að hafa lokið umbótum í stjórnun og fagleg forysta, innra mati og 90% allra matspáttanna verði flestir eða allir sterkir.

Umbótaáætlun skólaársins 2024 - 2025

Umbótaáætlun Hríseyjarskóla er lifandi skjal sem er uppfært jafnóðum yfir veturinn. Gæðaráð fundar að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði og starfar eftir sinni starfsáætlun. Haustið 2024 verða teknar upp merkingar til þess að skýra frekar framvindu verkefna.

- ✘ Ekki hafið
- vinnslu

Stjórnun og fagleg forysta, leik- og grunnskólastig (áframhaldandi umbætur frá áætlun síðasta árs)							
Foreldrasamstarf (leikskólastig)							
Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Stjórnun - verklagsreglur	○ Allir starfsmenn fá reglulega fræðslu um viðbragðsáætlun og verklag Akureyrarbæjar vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun.	Fræðsla til starfsmanna um viðbrögð og verklag. Stofnað nemenda-verndarráð.	Skólastjóri	Haust 2023	Júní 2024	Metið með starfsmannakönnun og umræðum á starfsmannafundum.	Allir starfsmenn eru með rétt viðbrögð og verklag á hreinu og nemenda- verndarráð hefur tekið til starfa og fundar reglulega yfir skólaárið.
Faglegt samstarf og samræða	○ Starfsfólk fær þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum við að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun og <u>er samstíga í verklagi.</u>	Áframhaldandi innleiðing uppbyggingarstefnunnar.	Skólastjóri	Haust 2023	Júní 2025	Metið með starfsmannakönnun og umræðum á starfsmannafundum.	Allir starfsmenn hafa fengið fræðslu og þjálfun og eru samstíga í því að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun. Þegar innleiðingu á Uppbyggingarstefnu er lokið.

Faglegt samstarf og samræða	<ul style="list-style-type: none"> Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila. 	<p>Að efla enn frekar teymisvinnu alls starfsfólks.</p> <p>Að kennarar leik- og grunnskóla haldi áfram í teymisvinnu undir leiðsögn HA.</p> <p>Að kennarar framkvæmi jafningjamat samkvæmt áætlun.</p>	Skólustjóri og starfsfólk	Vor 2023	Vor 2025	Metið með starfsmannakönnun og umræðum á starfsmannafundum.	Allir starfsmenn hafa fengið fræðslu og þjálfun í teymisvinnu, samskiptin einkennast af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti og allir geta sagt það sem þeim liggur á hjarta hverju sinni.
Faglegt samstarf og samræða	<ul style="list-style-type: none"> Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer reglulega fram meðal starfsmanna. 	Festa umfjöllunarefni kennarafunda á fundaáætlun hvers vetrar.	Skólustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Gæðaráð fer yfir fundaáætlun hvert haust og metur hvort gert sé ráð fyrir faglegum samræðuvettvangi kennara.	Að tryggt sé að fagleg og gagnrýnin samræða um starfshætti kennara fari fram reglulega.
Faglegt samstarf og samræða	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðferða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. 	Skólustjóri heldur áfram að fylgjast reglulega með kennslu og veita uppbyggilega ráðgjöf. Umræður settar í fundaáætlun.	Skólustjóri	Vor 2023	Haust 2024	Gæðaráð metur í matslistum. Spurning í starfsmannakönnun.	Skólustjóri fylgist með kennslu og hvetur kennara til þess að rýna saman í árangur aðferða í kennslu og kortleggja þannig árangur og framfarir nemenda.
Stjórnun - samskipti og sýnileiki	<ul style="list-style-type: none"> Að foreldrar upplifi að Akureyrarbær geri miklar væntingar til leikskólastarfsins og 	Kynna Menntastefnu Akureyrarbæjar og störf gæðaráðs fyrir foreldrum á námsefnis-	Skólustjóri og gæðaráð.	Haust 2023	Vor 2024	Metið í foreldrakönnun.	Að foreldrar sjái og upplifi að Akureyrarbær geri miklar væntingar til leikskólastarfsins og að foreldrar þekki störf gæðaráðs.

Foreldrasamstarf (leikskólastig)	þekki störf gæðaráðs.	kynningunni. Fá innlegg frá fræðslu- og lýðheilsusviði.					Sagt frá því í föstudagspóstir þegar við fáum heimsóknir/eftirlit frá fræðslu- og lýðsheilsusviði.
Foreldrasamstarf (leikskólastig)	🟡 Að ábendingum frá foreldrum sé vel tekið.	Tekið fyrir á fundi með leikskólastarsfólki.	Skólastjóri og starfsfólk leikskóla.	Haust 2023	Vor 2025	Metið í foreldrakönnun á leikskóla og í foreldraviðtölum.	Að foreldrar upplifi að þeirra ábendingum sé vel tekið.
Foreldrasamstarf (leikskólastig)	🟡 Að foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.	Tekið fyrir á fundi með leikskólastarsfólki.	Skólastjóri og starfsfólk leikskóla.	Haust 2023	Vor 2025	Metið í foreldrakönnun á leikskóla og í foreldraviðtölum.	Að foreldrar upplifi að þeir séu alltaf velkomnir í leikskólann.

Velferð nemenda á leik- og grunnskólastigi

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Velferð nemenda	Huga betur að samsetningu næringar á matseðli.	Matráður fær tækifæri til þess að sækja námskeið.	Skólastjóri og matráður.	Ágúst 2024	Júní 2025	Í rafrænum nemenda og foreldrakönnunum.	Matseðill

Nám og kennsla - grunnskólastig (áframhaldandi umbætur frá áætlun síðasta árs)

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	<ul style="list-style-type: none"> Taka upp nýtt skráningarkerfi fyrir námsárangur í grunnskólanum sem er sýnilegt nemendum, foreldrum og kennurum. <p>Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum.</p>	<p>Fá starfsfólk fái upprifjun/kennslu á Learncove og Karellen og noti næsta vetur.</p> <p>Virkja foreldra og nemendur.</p> <p>Birta öll markmið og viðmið á réttum stöðum.</p>	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Júní 2024	<p>Metið í rafrænum foreldra- og nemendakönnunum og nemendaviðtölum.</p> <p>Starfsmannaviðtöl.</p>	Að kennarar taki upp formlegra skráningarkerfi og noti Learncove sem skráningarkerfi fyrir námsárangur og að foreldrar og nemendur hafi lært á það og fylgist reglulega með framvindu nemenda.
Nám og kennsla	<ul style="list-style-type: none"> Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum. 	Að halda okkur við skriffinsku og formlegheit þrátt fyrir fámenni og stuttar boðleiðir.	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Júní 2024	<p>Skólastjóri og kennarar meta hvort annað.</p> <p>Skólastjóri fer í kennslustundir og metur kennara.</p> <p>Starfsmannaviðtöl og starfsmannakannanir.</p>	Að kennarar séu með allt skipulag á hreinu og skrái allar upplýsingar á rétta staði (þrátt fyrir fámenni).
Nám og kennsla - Velferð nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Vinna áfram að betri samskiptum nemenda undir. 	Að vinna markvisst með nemendum að bættum samskiptum undir leiðsögn MSHA.	Skólastjóri og umsjónar-kennarar.	Ágúst 2023	Júní 2024	Metið í nemendakönnunum og nemendaviðtölum.	Að niðurstöður nemendakannana og nemendaviðtala sýni að öllum nemendum finnst samskiptin vera og góð.

Innra mat (leik- og grunnskólastig)

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gagnasöfnun, framkvæmd og vinnubrögð	Yfirfara spurningalista sem notaðir eru til þess að afla gagna.	Yfirfara spurningalista sem lagðir eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.	Gæðaráð.	Júní 2024	Júní 2025	Metið út frá svörum.	Þegar svörin koma betur út og stangast ekki á og meiri þátttaka verður í foreldrakönnunum.
	Skerpa á því hvernig bestur árangur næst í könnunum, markmiðum þeirra og tilgangi.	Fara yfir ferlið að svara spurningakönnunum með nemendum og foreldrum.	Umsjóna-kennarar og skólastjóri.	Júní 2024	Júní 2025	Metið út frá svörum nemenda.	Þegar nemendur nýta tækifærið og gefa sér tíma til þess að ígrunda svör sín, tjá sig á málefnalegan hátt og líta einnig inn á við.
	Tryggja að fulltrúar allra hagsmunaaðila komi að gæðaráði.	Námsefniskynning: óska eftir fulltrúa foreldra til að sitja í gæðaráði.	Gæðaráð	Ágúst 2024	Júní 2025	Gæðaráð metur í matslistum.	Þegar fulltrúi foreldra býðst til þess að taka þátt í störfum gæðaráðs, mætir á fundi og er virkur þátttakandi.
Opinber birting og umbætur	Halda betur utan um þau verkefni sem eru í innleiðingu hverju sinni.	Fylgja innleiðingum markvisst eftir. Greina á hverju hlutirnir stranda og finna úrbætur.	Gæðaráð og skólastjóri	Ágúst 2024	Júní 2026	Gæðaráð metur í matslistum.	Þegar innleiðingarferli eru unnin með markvissum hætti og árangur næst á tilsettum tíma.
	Fara vel yfir hvaða niðurstöður er hægt að birta (gæta þó að persónuvernd vegna fámennis).	Birta niðurstöður foreldrakannanna, þegar næg þátttaka næst.	Gæðaráð.	Ágúst 2024	Júní 2025	Gæðaráð metur í matslistum.	Þegar næg þátttaka næst til þess að óhætt sé að birta niðurstöður og þær í framhaldinu birtar.

